



Reykjanesbær

Öldrunar- og stuðningsþjónusta Reykjanesbæjar

Reykjanesbær

Í KRAFTI FJÖLBREY TILEIKANS





Þjónustumiðstöðin á Nesvöllum

- Skrifstofan á Nesvöllum
- Félagsstarf og samstarf við FEBS
- Dagdvalir
- Heima-og stuðningsþjónusta
- Starfsemi í þjónustumiðstöðinni sem ekki er rekin af Reykjanesbæ



Skrifstofan á Nesvöllum 2.hæð

4.5 stöðugildi

- Teymisstjóri öldrunar-og stuðningsþjónustu
- Deildarstjóri heima-og stuðningsþjónustu
- Ráðgjafi í heima-og stuðningsþjónustu
- Þjónustufulltrúi í öldrunar-og stuðningsþjónustu
- Þjónustufulltrúi á þjónustuborði 1. hæð
- Deildarstjóri dagdvala einnig með skrifstofuaðstöðu þar



Starfsemin í húsinu sem ekki er rekin af Reykjanesbæ

- Hárgreiðslustofan Promoda
- Snyrtistofan Dísu dekur
- Fótaaðgerðastofa
- Skrifstofa FEBS
- Eldhús á 1. hæð og mötuneyti á 2.hæð sem Hrafnista rekur í samstarfi við Reykjanesbæ (breytingar í vændum, erum í útboði um nýja rekstraraðila)
- Eins og er þá rekur Hrafnista eldhúsið og mötuneytið. Það koma ca sextíu manns á hverjum virkum degi að borða í hádeginu. Þau sjá einnig um heimsenda matinn, mat fyrir þjónustuþegana í dagdvölunum og starfsmenn Reykjanesbæjar



Félagsstarf fyrir eldra fólk





Starfsemin

- Í félagsstarfinu eru 1,5 stöðugildi
- Einn í 100% stöðu og einn í 50% stöðu.
- Boccia og stólaleikfimin eru starfsmenn í verktakavinnu.
- Frístundir.is





Listasmiðjan

- Er opin mánudag - fimmtudags milli 13:00 og 15:30.
- Fyrir hádegi á þriðjudögum og fimmtudögum koma þjónustupegar í dagdvölinni í Listasmiðjunni.
- Rýminu er skipt upp í tvö svæði.
- Annað er notað undir allskyns handavinnu og hitt er notað í málningu og leir.
- Við viljum líta á Listasmiðjuna sem félagsmiðstöð þar sem allir eru velkomnir.
- Við höfum bætt við þjónustuna sem var í boði og höfum séð aukningu á þeim sem eru að koma til okkar.





Stólaleikfimi

- Stólaleikfimi er á Nesvöllum í hreyfisalnum á 1. hæð. Og er hún alla þriðjudaga og fimmtudaga k:10:15
- Mikil aðsókn og mjög vinsælt.
- Þjálfari: Anna Sigga





Dansað með Eygló

- Hægt er að koma og dansa með Eygló á miðvikudögum kl. 10:00 í hreyfisal Nesvalla.
- Rótgróin hópur sem hefur mætt í mörg ár. Erum að vekja athygli á dansinum til þess að auka þátttakendur.





Boccia fyrir eldra fólk

- Boccia er í boði alla miðvikudaga kl: 9:20 og fer fram í Íþróttahúsinu við Sunnubraut í B sal.
- Þjálfari: Petrína





Viðburðir og Léttir föstudagar

- Viðburðir eða fyrirlestrar eru oftast á fimmtudögum.
- Á föstudögum skiptast Hrafnista, FEBS og Nesvellir á að bjóða uppá skemmtiatriði.
- Við höfum tekið á móti kór, tónlistarskólanum, trúbadorum, leikurum og rithöfundum svo fáir séu nefndir.





Samstarf við FEBS

- Skrifstofa FEBS er á 1 hæð nesvalla og er opin þriðjudag og fimmtudag milli 11:00 og 13:30.
- Við skipuleggjum fræðslu og skemmtanir í samstarfi við þau sem fara fram í salnum á Nesvöllum.
- Á undanfögnu mánuðum hefur verið fræðsla um Alzheimer sjúkdóminn, fræðsla um heilsuefingu eldra fólks, og fræðsla um næringu. Næsta fræðslan verður haldin í janúar 2026 og verður hún um ofbeldi gagnvart eldra fólki
- FEBS eru virk í að skipuleggja ýmsar ferðir og skemmtanir. Þau halda Þorrablót og Árshátíð FEBS á hverju ári á Nesvöllum





Hvatagreiðslur fyrir eldra fólk og innleiðing Abler

Við seljum frístundakort, sem er klippikort með 20 skiptum.

Við erum að vinna í innleiðingu á Abler til að auðvelda notkun á Hvatagreiðslum.





Dagdvöl fyrir aldraðra



Hvað er Dagdvöl fyrir aldraða?

Dagdvöl aldraða er stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima.



Dagdvalirnar eru á tveimur stöðum

Nesvellir

- Á Nesvöllum er almenn dagdvöl fyrir fólk sem þarf félagsskap og eftirlit og aðstoð við athafnir daglegs lífs t.d. að fara í sturtu, þvo þvott, mæla lífsmörk osf.
- Á staðnum eru fjölbreyttir viðburðir félagsstarfs eldra fólks og ýmis þjónusta í boði sem kom fram hér á undan.
- Hér er pláss fyrir 18 manns.





Selið

- Í Selinu er dagdvöl fyrir fólk með minnisskerðingu sem þarf félagsskap, eftirlit og aðstoð við athafnir daglegs lífs sem er sú sama og er á Nesvöllum.
- Boðið er upp á fjölbreytta tómstundaiðju, hreyfing, þjálfun og hvíldaraðstaða.
- Það er pláss fyrir 15 manns.





Reglugerð um þjónustu í dagdvöl

4. gr. Í dagdvöl aldraðra skal veitt hjúkrunarþjónusta og vera aðstaða til þjálfunar og læknisþjónustu. Boðið skal upp á mat á heilsufari, þjálfun, tómstundaiðju, félagslegan stuðning, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs. Ennfremur skal boðið upp á aðstöðu til létttra líkamsæfinga, fæði, hvíldaraðstöðu og aðstoð við böðun.



Framhald af 4. gr.

- Boðið skal upp á flutningsþjónustu að og frá heimili einstaklingsins.
- Dagdvöl má reka sjálfstætt eða í tengslum við aðra starfsemi.



Reykjanesbær

Opnunar tíminn er mánudaga til föstudaga frá kl. 8 til 16.

- Dagdvalar gestir eru sóttir að morgni og ekið heim síðdegis.
- Hægt er að vera í dagdvöl einn til fimm daga í viku.
- Dagdvöl kostar 1.619 kr. á dag, auk tómstundargjalds sem er 1.451 kr. á mánuði sem hver gestur greiðir sjálfur.



Reykjanesbær

Starfsfólkið

- Það starfa sjúkraliðar, félagsliðar og almennir starfsmenn.
- Heildar starfshlutföllin eru 9,9 % sem skiptist á milli 11 starfsmanna.

Heima- og stuðningsþjónusta

- Vaktavinna
 - 08:30 – 21:00 og einning um helgar
- Samvinna við heimahjúkrun á HSS – morgun- og kvöldvaktir
- 37 starfsmenn + 3 starfsmenn á skrifstofu

Markmið heima- og stuðningsþjónustu

- Styðja, þjálfa og leiðbeina notendum sem þurfa aðstæðna sinna vegna á stuðningi að halda við heimilshald og athafnir daglegs lífs til þess að geta búið lengur heima, bjargað sér sjálfir og verið félagslega virkir.



Hvað er í boði?

- Stuðningur við athafnir daglegs lífs - samþætting við heimahjúkrun
- Stuðningur við heimilshald
- Félagslegur stuðningur - styðja og hvetja notendur til félagslegrar þáttöku
- Heimsendur matur
- Búðarferðir
- Einstaklings stuðningur





Fyrir hverja er heima-og stuðningsþjónustan?

Handa þeim sem eru 18 ára og eldri, búa á eigin heimili og þurfa stuðning vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags eða veikinda

Leitast er við að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir hvers og eins

Notandi skal vera á heimilinu þegar stuðningur er veittur og taka þátt í þeim verkefnum sem leysa þarf af hendi



Mat á stuðningspörf

Notast við Rai home care matstæki

Tekið er tillit til markmiða og þarfa hvers og eins

Líkamlegs og andlegs heilsufars

Félagslegrar virkni

Fjölskylduaðstæðna

Færni til að sinna athöfnum daglegs lífs

Takk fyrir okkur 😊

